



19. nóvember 2003

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. Seðlabank Íslands (153. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 29. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Stutt er síðan hin nýju lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, voru lögfest og því ekki löng reynsla komin á þau. Að mati SBV hafa engar þær aðstæður skapast á þeim stutta tíma sem liðinn er frá gildistöku þeirra sem kalla á breytingar á þeim ákvæðum laganna sem snúa að innra stjórnskipulagi bankans.

Vissulega skiptir miklu að þeir sem skipaðir eru í bankastjórn Seðlabankans hafi myndugleika og njóti virðingar innan sem utan bankans. Ekki er síður mikilvægt að bankastjórnin í heild myndi sterka sveit með bæði góða þekkingu á efnahags- og peningamálum þjóðarinnar og einnig góð tengsl við atvinnu- og stjórnmalalífið á hverjum tíma. Einsleitur bakgrunnur bankastjórnarmanna getur þannig dregið úr að þessu marki sé náð. Í ljósi þess telja SBV að geti verið vafasamt að setja í lög in ítarlegar hæfiskröfur gagnvart þeim sem sitja í stólum bankastjórnar, þar sem slíkt ákvæði gæti takmarkað svigrúm skipunarvaldsins til að búa bankanum sem öflugasta forystusveit. Á sambærilegum forsendum telja SBV rétt að veita skipunarvaldinu svigrúm til að leita að hæfasta fulltrúanum í hvert og eitt sinn, fremur en að binda það við að yfirfara innsendar umsóknir á grundvelli auglýsingarskyldu í lögnum.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri